



Fundagerð

384. fundur í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, haldinn miðvikudaginn 16.apríl 2008, á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps
kl 17.00.

Fundinn sátu :

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Bragi Geir Gunnarsson, Birna Benediktsdóttir, Guðni J. Ólafsson og Ása Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði : Ása Jónsdóttir

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir tilbrigði við dagskrá og settir yrðu inn á dagskrá fjórir liðir, þeir eru eftirfarandi :

Undir 12.tölulið :Efnahags- og skattanefnd Alþingis, bréf dags. 10.apríl 2008, umsögn um frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna, 529.mál og starfsemi og fjármögnun Fasteignamats ríkisins.

Undir 13.tölulið, Staðardagskrá 21, skipan nefndar.

Undir 14.tölulið trúnaðarmál, aðrir liðir færast neðar sem þessu nemur .

Mál lögð fram : **bæta við lið 33.** Félags- og tryggingamálaráðuneytið, bréf dags. 11. apríl 2008. Samþykkt samhljóða.

Oddviti þakkar fundarmönnum samstarfsviljan og greinir frá ástæðum óskar eftir tilbrigði við dagskrá.

Gengið til boðaðrar dagskrár með áorðnum breytingum.

Dagskrá

1. Fundargerðir nefnda.

a) Fundargerð samráðsnefndar dags.13.mars 2008

- Fundargerð í 10 töluliðum.
- 4. liður fundargerðar tekinn til afgreiðslu og ákveðið að skipa Guðlaugu S. Björnsdóttur sem fulltrúa Tálknafjarðarhrepps.
- Fundargerðin samþykkt einróma.

b) Fundargerð bygginganefndar dags. 11.apríl 2008.

- Fundargerð í þremur töluliðum.
- Samþykkt samhljóða.



c) Fundargerð skólanefndar dags. 8.apríl 2008.

- Fundargerð í fimm töluliðum.
Samþykkt samhljóða.

2. Sparisjóðurinn í Keflavík bréf dags. 11.mars.

- Umboð til handa oddvita t.p.a. undirrita samþykkt viðskiptavinar SpKef er varða stofnfé.
Almennir markaðsskilmálar, verlagsreglur um bestu framkvæmd, SPKEF.
Umboðið samþykkt samhljóða.

3. Ferðamálaufélag V-Barð bréf dags. 30.mars 2008.

Erindi sent í t.pósti 31.mars 2008.

Hreppsnefnd samþykkir að veita styrk samtals að fjárhæð kr. 90.000.- er skiptist annars vegar í auglýsingi í blaðið Vestfirðir kr. 15.000.- og hins vegar vegna útgáfu bæklings kr. 75.000.-

Samþykkt samhljóða.

4. Umsóknir um styrk í Orkusjóð vegna jarðhitaleitar dags. 10.apríl 2008.

- Jarðhitaleitarátk 2008 – almennt
- Jarðhitaleitarátk 2008-2010 – sérstakt átak
Umsóknir sendar í t.pósti 14.4.2008
- Umræður.
Fundarmenn lýstu ánægju með að heitavatnsleitin sé komin á rekspöl og samþykktu umsóknina samhljóða.

5. Bíldudalsflugvöllur.

"Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur undir með tillögu sem lögð var fram á 191.fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar þann 26.mars sl. og skorar á hæstvirtan samgönguráðherra Kristján L. Möller að láta hrinda í framkvæmd stækkun Bíldudalsflugvallar sem allra fyrst. Við það skal miðað að flugvölliurinn verði í það minnsta sambærilegur að stærð og þingeyrarflugvöllur eða með um 1200 metra flugbraut ásamt tilheyrandi öryggissvæðum. Varla þarf að fara mörgum orðum um rökstuðning með framangreindri áskorun um lenginu Bíldudalsflugvallar. Lengri flugbraut eða um 1200 metrar breytir númerandi aðstæðum verulega og opnar ýmsa möguleika í tengslum við flugsamgöngur sem styrkir atvinnulífið og samfélagið"

Samþykkt samhljóða.

6. Flutningskostnaður.

"Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir áhyggjum sínum með þær auknu álögor sem leggjast á fyrirtæki og almenning í sveitarfélagini vegna hás flutningskostnaðar. Dæmin sýna að vara og þjónusta hefur verið allt að 130% dýrari vegna þessa, ljóst er að fyrirtæki og einstaklingar standa ekki undir slíkum álögum."

Samþykkt samhljóða.



7. **Héraðsáætlanir Landgræðslunnar bréf dags. 19.mars 2008.**
Málinu vísað inn í vinnu vegna staðardagsrkár 21, sjá lið 13.
Samþykkt samhljóða.
 8. **Bolungarvíkurkaupstaður bréf dags. 27.mars 2008.**
" Hreppsnefn Tálknafjarðarhrepps tekur undir með bókun bæjarstjórnar Bolungarvíkur á fundi hennar þann 27.mars sl., er varðar drög að samningi umhverfisráðuneytisins og sveitarfélaga, sem koma að rekstri Náttúrustofu Vestfjarða. "
Samþykkt einróma.
 9. **Ferjan Baldur.**
Oddvita falið að ganga frá ályktun í samráði við Bæjarstjóra Vesturbyggðar vegna málsins.
Samþykkt einróma.
 - 10. Samþykkt um búfjárhald frá 13.mars 2002.**
Fundargerðir frá 2002 sendar í t.pósti 14.4.2008.
Umræður urðu um málið og ákveðið að taka það til annarar umræðu á næsta Reglulegum fundi hreppsnefndar.
Samþykkt samhljóða.
 - 11. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra.**
Birna lagði fram fyrirspurn um framfylgd samþykkta um hundahald í Tálknafirði.
Hreppsnefn Tálknafjarðarhrepps vill koma þeirri ábendingu á framfæri að þeir sem verð vitni að brotum á reglum um hunda- eða kattahald komi skriflegri kvörtun til oddvita sem ermeðhöndlað sem trúnaðarmál.
Ráðningarsamningur Friðriks Þórs Friðrikssonar lagður fram til kynningar.
Farið yfir áætlun jöfnunarsjóðs um framlög fyrir líðandi ár.
- Stutt fundarhlé.
12. **Efnahags- og skattanefnd, bréf dags. 10.apríl 2008**
 - Umfjöllun um frumvarp mál nr. 529.
Ákveðið að vera samstiga Samb. Ísl. sveitarfélaga vegna málsins.
 13. **Staðardagskrá 21, skipan vinnuhóps.**
Sif Karlsdóttir, verkefnisstjóri, kallar saman fyrsta fund, aðrir nefndarmenn:
Aðalsteinn Magnússon, Bragi G.Gunnarsson, Guðni J. Ólafsson og Pálína Kristín Hermannsdóttir.
 - 14. TRÚNAÐARMÁL.- Fundi lokað skv. 16. Gr. sveitarstj.laga nr. 45 frá 1998**
Bókað í trúnaðarbók.

Lagt fram :

15. **Fundargerð starfshóps um endurskoðun samgönguáætlunar.**
16. **Fjórðungssambands Vestfirðinga, dags. 10.mars 2008.**
17. **Samgönguráðuneytið, bréf dags. 12.mars 2008.**

15
O



Tálknafjarðarhreppur

18. Úrvinnslusjóður, bréf dags. 28.mars 2008.

19. Búnaðarsamtök Vesturlands, bréf dags. 25.mars 2008.

20. Íslenskir sjómenn, bréf frá Ég og þú, Ólafur I. Hrólfsson

21. UNICEF, bréf dags. 13.mars 2008.

22. Forvarnardagurinn, skýrsla.

23. Sparisjóðurinn í Keflavík, bréf dags. 8.apríl 2008.

Tilkynning um heildararðgreiðslur 12.403.035.-

24. Samband íslenskra sveitarfélaga, bréf dags. 7.apríl 2008

- Fundargerð XXII.landsþings Sambands ísl. sveitarfél.
- Áherslur landsþinga 2006 og 2007, forsiða skýrsla á netinu
- Stefnumörkun og aðgerðaaætlun Sambandsins, forsiða skýrsla á netinu. <http://www.samband.is/>
- Ályktun um frumvarp til skipulagslaga.

25. Lánasjóður sveitarfélaga, bréf dags. 11.mars 2008.

26. Fjórðungssamband Vestfirðinga, bréf dags. 26.mars 2008.

27. Félag leikskólakennara, bréf dags. 19.mars 2008.

28. Samband íslenskra sveitarfélaga.

- Fundargerð stjórnar Sambandsins 28.mars 2008.

29. Varasjóður húsnæðismála, bréf dags. 27.mars 2008.

30. Lýðheilsustöð, bréf dags. 1.apríl 2008.

<http://lydheilsustod.is/lydheilsustod/allt-hefur-ahrif-einkum-vid-sjalf/>

31. Menntamálaráðuneytið, bréf dags. 27.mars 2008.

32. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, bréf dags. 1.apríl 2008.

33. Félags- og tryggingamálaráðuneytið, bréf dags. 11.apríl 2008.

Töluliðir 15-33 lagðir fram til kynningar, samþykkt samhljóða.

Fundargerð uppliesin án athugasemda.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20.30

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Bjarnveig Guðbr.
Bjarnveig Guðbrandsdóttir

Birna Benediktsdóttir

Guðni J. Ólafsson
Guðni J. Ólafsson

Bragi Geir Gunnarsson
Bragi Geir Gunnarsson

Ása Jónsdóttir
Ása Jónsdóttir